

**Nr. 019 / 12 Kópur BA 175*****Eldur í höfn***

Skipaskr.nr. 1063  
Smíðaður: Harstad Noregi 1968 stál  
Stærð: 252,6 brl. 357 bt.  
Mesta lengd: 38,42 m Skráð lengd: 34,86 m  
Breidd: 7,31 m Dýpt: 6,34 m  
Vél: Alpha Diesel, 640 kW, 1981  
Fjöldi skipverja: 6



Kópur ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 19. mars 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 1. mars 2012 var Kópur BA 175 við bryggju á Tálknafirði.

Viðgerðarmenn voru að vinna við að gera gat í gegnum tvöfalt byrði á þili með einangrun á milli vélarúms og lestar til að ná þar út rafal. Þeir höfðu gert um 50x60 sm gat á lestarþilið, hreinsað burt einangrun og voru að skera byrðið vélarúmsmegin þegar reyk fór að leggja frá gatinu. Þar sem hann var talinn eittraður forðuðu mennirnir sér úr lestinni.

Kallað var á slökkvilið og reykkafarar fóru í lestina þar sem þeir fjarlægðu klæðningu og slöktu eld, sem reyndist lítill og reykraestu skipið. Ekki urðu teljandi skemmdir á skipinu.

***Við rannsókn kom fram:***

- að fram kom að meiningin hefði verið að hafa einn viðgerðarmann hinum megin við þilið en þeir hefðu verið að prófa skurðartækið áður en það yrði gert. Það væru annars venjuleg vinnubrögð;
- að einangrunin var talin vera Urithan kvoða;
- að viðgerðarmennirnir höfðu slökkvitæki frá skipinu við hendina.

***Nefndarálit:***

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur menn til þess að hafa öryggisvakt beggja vegna þilja við logskurð.